

# Velferð til framtíðar

Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi

Áherslur 2006–2009





# Velferð til framtíðar

Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi

*Áherslur 2006–2009*

Útgefandi: Umhverfisráðuneytið  
Hönnun og umbrot: Í pokahorninu / Ragnheiður Kristjánsdóttir  
Ljósmyndir: Ragnar Th. Sigurðsson  
Prentun: GuðjónÓ - vistvæn prentsmiðja



ISBN 978-9979-839-27-9

## Formáli umhverfisráðherra

Þetta rit er fyrsta endurskoðun á stefnumörkun stjórnvalda frá 2002, sem ber heitið „Velferð til framtíðar“. Þar var settur fram rammi um stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi fram til 2020 en jafnframt tekið fram að ætlunin væri að uppfæra stefnumörkunina reglulega á því tímabili og endurskoða áherslur. Hér er að finna áherslur stjórnvalda á næstu árum, 2006–2009, varðandi 17 markmið á sviði umhverfisverndar og auðlindanýtingar sem stefnumörkunin byggir á. Þær eru byggðar á tillögum samráðsnefndar níu ráðuneyta að teknu tilliti til athugasemda sem við þær bárust.

„Velferð til framtíðar“ á rætur að rekja til samþykktar Ríó-ráðstefnunnar um umhverfi og þróun árið 1992. Þar sammæltust ríki heims um að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi og vinna að áætlunum um framkvæmd hennar heima fyrir. Með „sjálfbærri þróun“ er átt við að við mætum þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta sínum þörfum. Í því felst að umhverfisvernd og sókn til efnahagslega gæða og félagslegrar velferðar verða að fara saman. Góð lífskjör til langframa verða að byggja á heilbrigðu umhverfi og öflugum vistkerfum sem geta tryggt fæðuframléiðslu og önnur gæði.

Sú „velferð“ sem vísað er til í heiti stefnumörkunarinnar á við lífsgæði í víðum skilningi. Baráttan gegn fátækt er forgangsmál í þróunarríkjunum en í ríkum löndum á borð við Ísland er ekki lengur horft eingöngu til hagvaxtar, heldur einnig til félagslegra gæða á borð við jafnrétti og menningarlega grósku og umhverfisgæða á borð við heilnæmt vatn og andrúmsloft og aðgang að útivistarsvæðum og óbyggðum víðernum.

Reynslan hefur styrkt menn í þeirri trú að leiðsögn sjálfbærrar þróunar eigi ekki minna erindi við okkur nú en fyrir fjórtán árum. Margt hefur áunnist á heimsvísu í baráttunni gegn fátækt og fylgikvillum hennar og má þar nefna mikinn efnahagsvöxt í stærstu þróunarríkjunum og aukin lífsgæði tugmilljóna manna í kjölfarið. Á sama tíma er mikið álag á lífríki jarðar og loftslagsbreytingar af manna völdum áhyggjuefni. Við þurfum á nýrri tækni og nýrri hugsun að halda til að samræma umhverfisvernd og sókn til betri lífskjara. Slíkt næst ekki með stefnumótun stjórnvalda einni saman heldur er það verkefni sem krefst þátttöku samfélagsins alls.

Drög að þessum megináherslum voru lögð fram til umræðu á IV. Umhverfisþingi haustið 2005 og þingfulltrúum gefinn kostur á að koma með athugasemdir og tillögur. Margar ágætir tillögur og athugasemdir bárust og hefur verið tekið tillit til þeirra hér, þess ber hins vegar að geta að stjórnvöld leggja áherslu á að tilgreina ekki of mörg verkefni undir hatti stefnumörkunar um sjálfbæra þróun. Það er lítil vandí að tengja flest viðfangsefni stjórnvalda við markmið sjálfbærrar þróunar en stefnumörkun sem telur upp öll verkefni á sviði umhverfismála, efnahagsmála og félagslegrar þróunar verður þung í framkvæmd og missir marks. Hér skiptir máli að fá sýn yfir skóginn en tynast ekki meðal trjánna.

Ef vel tekst til getur stefnumörkun af þessu tagi auðveldað stjórnvöldum jafnt sem áhugasamtökum og almenningsi að fá yfirsýn yfir meginmarkmið á sviði umhverfisverndar og auðlindanýtingar og helstu verkefni sem þarf að vinna að til að ná þeim. Regluleg endurskoðun verkefna og vísendinga um árangur skapar umræður, skerpir á forgangsriðun og beinir sjónum frá dægurmálum að lykilmarkmiðum.

Það er von mín að þessi Meginmarkmið 2006–2009 muni festa „Velferð til framtíðar“ í sessi sem gagnlega leiðsögn fyrir sókn Íslendinga til sjálfbærrar þróunar og nýtist sem flestum til að fræðast og veita stjórnvöldum aðhald. Við þurfum öll að tryggja að velferð okkar nú sé ekki á kostnað afkomenda okkar heldur sé byggð á bjargi til framtíðar.



Jónína Bjartmarz  
umhverfisráðherra



## EFNISYFIRLIT

<b>Inngangur</b> .....	<b>7</b>
<i>Sjálfbær þróun</i> .....	8
<i>Endurskoðun stefnumörkunar</i> .....	9
Stjórnþæki .....	9
<i>Leiðtogafundurinn í Jóhannesarborg</i> .....	10
<i>Tölulegar vísbendingar</i> .....	10
<i>Staðardagskrá 21</i> .....	10
<i>Umhverfismat áætlanda</i> .....	11
<i>Umhverfismennt</i> .....	11
<i>Þróunarsamvinna</i> .....	12
<i>Vistvernd í verki</i> .....	13
<b>Markmið og leiðir</b> .....	<b>15</b>
I. Heilbriggt og öruggt umhverfi .....	16
1. <i>Heilnæmt andrúmsloft</i> .....	16
2. <i>Hreint og heilnæmt ferskvatn</i> .....	17
3. <i>Örugg matvæli</i> .....	17
4. <i>Umhverfi án hættulegra efna</i> .....	18
5. <i>Útivist í sátt við náttúruna</i> .....	19
6. <i>Varnir gegn náttúruvá</i> .....	19
II. Vernd náttúru Íslands .....	20
7. <i>Vernd lífríkis Íslands</i> .....	20
8. <i>Vernd sérstæðra jarðmyndana</i> .....	21
9. <i>Vernd víðerna</i> .....	21
III. Sjálfbær nýting auðlinda .....	22
10. <i>Sjálfbær nýting auðlinda hafsins</i> .....	22
11. <i>Sjálfbær gróðurnýting og endurheimt landgæða</i> .....	23
12. <i>Aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa</i> .....	23
13. <i>Minnkun og bætt meðhöndlun úrgangs</i> .....	25
IV. Hnattræn viðfangsefni .....	26
14. <i>Hreint haf</i> .....	26
15. <i>Takmörkun loftslagsbreytinga af mannavöldum</i> .....	27
16. <i>Vernd ósonlagsins</i> .....	28
17. <i>Vernd líffræðilegrar fjölbreytni</i> .....	28







# Inngangur



Árið 2002 samþykkti ríkisstjórnin stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi undir heitinu „Velferð til framtíðar“. Stefnumörkunin var sett til 2020. Í þeim tímaramma fólst að stefnumörkuninni er ætlað að vera lifandi verkefni í reglulegri endurskoðun. Uppbygging hennar á að haldast lítið breytt, en árangur verður metinn reglulega út frá tölulegum vísbendingum og ný verkefni tilgreind til skemmri tíma í ljósi árangurs og áherslu stjórnvalda hverju sinni. Þetta rit er fyrsta endurskoðun á stefnumörkuninni.

Í stefnumörkuninni voru sett fram 17 markmið sem var raðað í fjóra flokka: I. Heilnæmt og öruggt umhverfi, II. Vernd náttúru Íslands, III. Sjálfbær nýting auðlinda og IV. Hnattræn viðfangsefni. Þessari kaflaskiptingu, ásamt markmiðum í fyrri útgáfu er haldið óbreyttri í þessari fyrstu uppfærslu. Það sem breytist eru „leiðir að markmiðum“, sem eru hugsaðar til skemmri tíma og voru ótímasettar í fyrstu útgáfunni en eru hér settar fram fyrir tímabilið 2006–2009. Einnig er í þessu riti að finna stutta umfjöllun um stjórnþæki til að vinna að sjálfbærri þróun þar sem fjallað er stuttlega um þróun mála á nokkrum sviðum á síðustu árum. Tölulegu vísbendingarnar, sem settar voru fram í stefnumörkuninni 2002, voru uppfærðar og settar fram í sérstöku riti sem gefið var út og kynnt á IV. Umhverfisþingi árið 2005.

### *Sjálfbær þróun*

Hugtakið „sjálfbær þróun“ á rætur að rekja til umræðu á níunda áratug síðustu aldar en var fest í sessi í alþjóðlegum sáttmálum á ráðstefnu Þjóðarleiðtoga heimsins um umhverfi og þróun sem haldin var í Rio de Janeiro árið 1992. Sjálfbær þróun hefur verið skilgreind sem þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Í þessu felst að sókn eftir efnahagslegum og félagslegum gæðum verður að haldast í heldur við vernd umhverfisins og grunnþæða jarðar.

Gerð stefnumörkunar Íslands um sjálfbæra þróun er í samræmi við ákvæði Dagskrár 21 frá 1992 og framkvæmdaáætlunarinna sem samþykkt var í Jóhannesarborg árið 2002. Ekki er til samræmd forskrift um hvernig stefnumörkun af þessu tagi skuli hátt- að heldur eru ríki heims hvött til að marka stefnu út frá sínum eigin forsendum og brýnustu markmiðum. Stefnumörkun þessari svipar að mörgu leyti til sambærilegra áætlana hjá öðrum ríkjum. Þess ber þó að gæta að viðfangsefni og áherslur hér á Íslandi eru á margan hátt ólík því sem gerist meðal nágrannaþjóða okkar.

## Endurskoðun stefnumörkunar

Samstarfsnefnd níu ráðuneyta um sjálfbæra þróun vann drög að þessari uppfærðu stefnumörkun í samráði við ýmsa sérfræðinga í ráðuneytum og stofnunum þeirra. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar frá forsætisráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, fjármála- ráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, sjáv- arútvegsráðuneyti, umhverfisráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Umhverfisráðuneyti- ið hefur formennsku í nefndinni og mun fylgjast með framkvæmd stefnunnar.

Við samþykkt „Velferðar til framtíðar“ árið 2002 var ákveðið að fjalla um hana og endurskoða að jafnaði á fjögurra ára fresti. Með hliðsjón af þessu fór á árinu 2005 fram endurskoðun og uppfærsla á leiðum að þeim markmiðum sem sett voru fram í „Velferð til framtíðar“.

Umhverfisþing eru haldin á tveggja ára fresti og er ætlað að fjalla í annað hvert skipti um endurskoðun á stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun. Á IV. Umhverfisþingi í nóvember 2005 voru kynntar tillögur að nýjum leiðum að markmiðum sem hér eru settar fram undir heitinu „Megináherslur 2006–2009“. Einnig voru kynntar bæði uppfærðar og nýjar tölulegar vísbendingar tengdar köflunum í „Velferð til framtíð- ar“, sem gefnar voru út í sérstöku riti á fjórða Umhverfisþingi en þær er jafnframt að finna á eftirfarandi slóð á heimasíðu ráðuneytisins:

[http://www.umhverfisraduneyti.is/media/Vefutgafa\\_baeklings/Velferd2005.pdf](http://www.umhverfisraduneyti.is/media/Vefutgafa_baeklings/Velferd2005.pdf).

Eftir Umhverfisþingið var samtökum, stofnunum og einstaklingum gefinn kostur á að senda tillögur og athugasemdir við drög þessi að stefnumörkun. Einnig var haft samráð við fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Með hliðsjón af umræðu á þinginu svo og athugasemdum og tillögum sem bárust voru drögin endurskoðuð af samráðsnefnd ráðuneyta um sjálfbæra þróun og send til kynningar í ríkisstjórn.

„Velferð til framtíðar“ er langtímastefnumörkun allt fram til ársins 2020. Þó margt hafi áunnist á undanförunum árum eru þau markmið og leiðir að markmiðum sem sett voru fram árið 2002 áfram í fullu gildi samhliða þeim nýju megináherslum til næstu fjögurra ára sem kynntar eru í riti þessu.

## Stjórnþæki

Í inngangi að ritinu „Velferð til framtíðar“ er fjallað nokkuð um stjórnþæki og leið- ir til að ná markmiðum sjálfbærrar þróunar. Þar eru nefnd stjórnþæki eins og t.d. áætlarnir sem unnar eru á ýmsum sviðum samfélagsins, lög og reglur, alþjóðasam- ningar, hagræn stjórnþæki, skipulag, mat á umhverfisáhrifum, fræðsla, vöktun og rannsóknir, vísar um sjálfbæra þróun og þróunaraðstoð. Ýmislegt hefur breyst síð- an 2002 þegar „Velferð til framtíðar“ var gefin út. Hér verður farið nokkrum orð-

um um þróun mála á nokkrum sviðum sem á síðustu árum hafa haft mótandi áhrif á stefnumótun um sjálfbæra þróun bæði hér á landi og erlendis.

### *Leiðtogafundurinn í Jóhannesarborg*

Leiðtogafundur Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun var haldinn í Jóhannesarborg síðari hluta árs 2002. Fundurinn var haldinn af því tilefni að tíu ár voru liðin frá Ríó-ráðstefnunni um umhverfi og þróun þar sem ríki heims skuldbundu sig til að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við stefnumótun. Megintilgangur fundarins í Jóhannesarborg var að marka áherslur í umhverfis- og þróunarmálum á komandi áratug. Fundurinn samþykkti annars vegar pólitíska yfirlýsingu þar sem ríki heims ítreka skuldbindingar sína um að hrinda sjálfbærri þróun í framkvæmd og hins vegar sérstaka framkvæmdaáætlun þar sem sett eru fram tímasett markmið sem snerta umhverfis-, efnahags- og félagsmál. Framkvæmdaáætlunin byggir meðal annars á hinum svokölluðu þúsaldarmarkmiðum sem þjóðarleiðtogar heims samþykktu á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna í september árið 2000. Auk umhverfisverndar spanna þúsaldarmarkmiðin vítt svið eins og t.d að minnka fátækt og hungur, auka menntun, bæta heilsufar og draga úr barnadauða.

### *Tölulegar vísbindingar*

Á undanförunum árum hafa mörg ríki og alþjóðastofnanir þróað tölulega vísa sem eiga að mæla árangur við að koma á sjálfbærri þróun. Þetta verk er ekki alltaf einfalt en meginmarkmiðið með þróun slíkra vísa er að einfalda niðurstöður úr vísindalegum mælingum þannig að þær megi nýtast stjórnvöldum við stefnumörkun. Í tengslum við endurskoðun „Velferðar til framtíðar“ lagði umhverfisráðuneytið töluverða vinnu í að uppfæra þá vísa sem birtir voru í skýrslunni á sínum tíma ásamt því að þróa nýja. Saman eiga þessar tölulegar vísbindingar að gefa nokkra mynd af ástandi umhverfisins, álagi á náttúru og auðlindir og viðbrögðum stjórnvalda. Áfram verður unnið að því að uppfæra vísa á grundvelli stefnumörkunar stjórnvalda um sjálfbæra þróun þannig að regulega sé hægt að sjá hvernig miðar í átt að settum markmiðum. Einnig verður unnið að því að þróa nýja vísa sem tengja umhverfismál betur við efnahagslega og félagslega þróun.

### *Staðardagskrá 21*

Sú stefnumörkun sem kynnt er í riti þessu er unnin á vegum ríkisvaldsins. Stjórnsýslustigin tvö, þ.e. ríkisvaldið og sveitarfélögin, leggja hins vegar bæði ríka áherslu á sjálfbæra þróun í stefnumótun sinni og áætlanagerð. Í árslok 2005 var endurnýjaður samningur milli umhverfisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um samstarf til að aðstoða íslensk sveitarfélög við að móta stefnu í anda Staðardagskrár 21. Síðastliðin tvö ár hefur verið lögð sérstök áhersla á að efla starf að Staðardagskrá 21 í fámennum sveitarfélögum. Það starf fer fram innan ramma byggðaáætlunar með sérstöku samkomulagi milli umhverfisráðuneytis og iðnaðarráðuneytis. Stýrihópur skipaður fulltrúum frá umhverfisráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga hefur umsjón með þessum verkefnum.

Ekki er auðvelt að mæla árangur Staðardagskrárstarfs með óyggjandi hætti en áhrif þess á meðferð umhverfismála í sveitarstjórnnum eru augljós. Starfið að Staðardagskrá 21 hefur kallað á ný vinnubrögð þar sem horft er lengra fram í tímann en áður hefur tíðkast og mismunandi málaflokkar eru skoðaðir í samhengi en ekki hver í sínu

lagi jafnframt því sem reynt er að taka tillit til hnattrænna sjónarmiða. Á landsþingi sínu í september 2002 samþykkti Samband íslenskra sveitarfélaga að Staðardagskrá 21 skyldi vera „grunntónn í starfi sveitarfélaga“.

Samanlagður íbúafjöldi í þeim sveitarfélögum sem samþykkt höfðu Staðardagskrá 21 var 234.534 í árslok 2005 eða um 80% þjóðarinnar. Þá hafa 42 sveitarstjórnir samþykkt Ólafsvíkuryfirlýsinguna og þar með lýst formlega yfir þeim einlæga ásetningi sínum að vinna að sjálfbærri þróun. Nýjar sveitarstjórnir bætast jafnt og þétt í þennan hóp.

### *Umhverfismat áætlana*

Frumvarp um umhverfismat áætlana var lagt fyrir 132. lögjafarþing. Markmið þess er að stuðla að sjálfbærri þróun með því að láta fara fram umhverfismat við gerð áætlana sem líklegar eru til að hafa veruleg áhrif á umhverfið. Til að ná þeim markmiðum er gert ráð fyrir að áhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið séu metin áður en þær eru afgreiddar eða framkvæmdar. Frumvarpið tekur til skipulagsáætlana og framkvæmdaáætlana sem fjalla um landbúnað, skógrækt, fiskeldi, orkumál, iðnað, samgöngur, meðhöndlun úrgangs, vatnsnýtingu, fjarskipti, ferðaþjónustu, skipulag byggðapróunar og landnotkunar. Mat á umhverfisáhrifum á áætlanaástigi getur stuðlað að því að umhverfisvernd verði markvissari auk þess sem auðveldara verður fyrir framkvæmdaáðila að fella áætlanir sínar að markmiðum sjálfbærrar þróunar.

### *Umhverfismennt*

Almennur skilningur og þekking á umhverfis- og þjóðfélagsmálum er nauðsynleg forsenda lýðræðislegrar umræðu og ákvarðanatöku sem miðar að því að hrinda sjálfbærri þróun í framkvæmd. Til að efla slíkan skilning og þekkingu þarf bæði að koma til góð fræðsla um undirstöðuatriði sjálfbærrar þróunar í skólakerfinu og öflug upplýsingamiðlun stjórnvalda, áhugasamtaka og annarra aðila. Umhverfismennt á að miða að því að sérhver einstaklingur búi yfir þekkingu á nánasta umhverfi sínu og þeim hættum sem umhverfinu stafar af mannlegum umsvifum og geri sér grein fyrir tengslum at- hafna sinna og ástands umhverfisins.

Fræðsla um umhverfismál fer fram á öllum stigum skólakerfisins allt frá leikskólum til háskóla í samræmi við eðli hvers skólastigs. Aðalnámskrár fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla setja meginviðmið í námi og kennslu á þessum skólastigum. Eitt af námssviðum leikskólans í aðalnámskrá er náttúra og umhverfi þar sem lögð er áhersla á að fræða börn um náttúruna, umhverfið og verndum þess. Unnið hefur verið að metnaðarfullum verkefnum um umhverfið í mörgum leikskólum á undanförunum árum.



Í grunnskólum er fræðsla um umhverfismál og sjálfbæra þróun samofin markmiðum í náttúrufræði, samfélagsfræðigreinum, einkum í landafræði og einnig í heimilisfræði og lífsleikni. Lögð er áhersla á að efni þessara námssviða tengjast samspili manns og náttúru, ábyrgum samfélagsþegnum og einstaklingum sem neytendum, m.a. með hliðsjón af hollum neysluvenjum. Markmið um umhverfismennt eru sett fram innan þessara námssviða en skólum er ætlað að útfæra þau í skólanámskrá. Margir skólar hafa sýnt frumkvæði í að samþætta fræðslu í umhverfismálum við almennt skólastarf. Sem dæmi um slíkt starf er þátttaka fjölmargra grunn- og leikskóla í verkefninu *Skólar á grænni grein*, sem er alþjóðlegt verkefni sem miðar að því að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Landvernd hefur umsjón með verkefninu hér á landi en það er styrkt af menntamálaráðuneytinu og umhverfisráðuneytinu.

Margir framhaldsskólar og sérskólar bjóða upp á valnámskeið í umhverfisfræðum eða leggja sérstaka áherslu á umhverfismál í náminu í tengslum við ýmsar námsgreinar í kjarna og á kjörsviði framhaldsskóla. Haustið 2006 fékk fyrsti framhaldsskólinn í landinu viðurkenningu verkefnis Landverndar *Skólar á grænni grein* með afhendingu grænfánans.

Háskólar eru ábyrgir fyrir eigin námsskipan og kennsluskram. Boðið er upp á námskeið í náttúrufræði, vistfræði og umhverfismennt á kjörsviði í einstökum háskólum og víða er boðið upp á valnámskeið í náttúrufræði, vistfræði og umhverfismennt. Einnig er boðið upp á ýmis námskeið þessu tengd, sem nýttast í menntun kennara, bæði í grunnnámi og meistaranámi. Ljóst er að enn er hægt að efla rannsóknir og fræðslu um sjálfbæra þróun í menntun á Íslandi, ekki síst í kennaramenntun, með það markmið í huga að efla skilning, þekkingu og ábyrgð einstaklinga á umhverfi sínu í framtíðinni.

Töluvert hefur verið gefið út af námsefni í umhverfismennt á undanförunum árum, m.a. af Námsgagnastofnun. Má í því sambandi benda á námsefni og fræðslu um umhverfismál fyrir ýmsa aldursflokka grunnskólanema sem er að finna á slóðinni <http://www.heimurinn.is/>

Umhverfisfræðsluráð er skipað af umhverfisráðherra til þriggja ára í senn. Markmið með starfi ráðsins er að vekja vitund almennings um umhverfi sitt, gildi þess og góðrar umgengni um það og að fræða almenning um hvernig skuli umgangast umhverfið með tilliti til sjálfbærrar þróunar. Ráðið vinnur að markmiðum sínum með því að stuðla að samvinnu um umhverfisfræðslu og stendur fyrir ráðstefnum og kynningum um umhverfisfræðslu og umhverfisvænan lífsstíl. Ráðið gerir einnig kannanir á stöðu umhverfismenntar í skólum með það að markmiði að bæta og auka umhverfismennt. Ráðið heldur úti umhverfisvefnum [www.umvefur.is](http://www.umvefur.is) þar er að finna upplýsingar um viðburði á sviði umhverfismála, gátt í Vísindavefinn, safnavef, orðasafn og vef með upplýsingum um fyrirtæki og umhverfismál.

### *Þróunarsamvinna*

Vegna örrar fólksfjölgunar og efnahagsvaxtar hefur maðurinn æ viðtækari áhrif á umhverfi sitt og lífríki jarðarinnar. Sumstaðar er auðlindanýting ósjálfbær og umhverfið mengað. Slíkt kemur jafnan harðast niður á fátækustu þegnum fátækustu ríkja heims. Upplausn í fátækum ríkjum getur ógnað hagsæld, öryggi og stöðugleika

í heiminum. Þróunaraðstoð getur því ekki einungis hjálpað fátækum ríkjum heldur getur líka haft jákvæð áhrif fyrir ríkin sem veita hana.

Á næstu árum verður umfangsmikil hækkun á opinberum framlögum til þróunarsamvinnu. Ríkisstjórn Íslands ákvað í apríl 2004 að opinber þróunaraðstoð sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) skuli hækka úr 0,19% árið 2004 í 0,35% árið 2009. Þegar því markmiði verður náð munu framlög Íslands til þróunarsamvinnu hafa hækkað úr 0,09% í 0,35% af VLF á réttum áratug sem er nærri fjórföldun

Íslensk stjórnvöld styðja Þúsaldaryfirlýsingu S.þ. og verður þróunarsamvinna Íslands unnin í anda yfirlýsinga leiðtogafundanna um sjálfbæra þróun, fjármögnun þróunar og þúsaldarmarkmiða S.þ. Mikilvægt er að stefna Íslands í þróunarmálum byggja á heildarsýn og því mun þróunarstarf Íslands á komandi árum byggja á fjórum meginstoðum. Þær eru:

- Mannauður, jafnrétti og efnahagsleg þróun
- Lýðræði, mannréttindi og stjórnarfar
- Friður, öryggi og þróun
- Sjálfbær þróun

Í þeim kafla í stefnu stjórnvalda um þróunarsamvinnu sem fjallar um sjálfbæra þróun segir að það sé hagur jafnt ríkra þjóða sem fátækra að efnahagsþróun, félagsleg velferð og umhverfisvernd byggja á forsendum sjálfbærrar þróunar. Í alþjóðasamningum og samþykktum um málefni hafsins er málefna þróunarríkja nær undantekningarlaust sérstaklega getið. Framkvæmdaáætlun leiðtogafundarins í Jóhannesarborg felur í sér tilmæli um að alþjóðlegar fjármálastofnanir á sviði þróunarsamvinnu taki aukinn þátt í uppbyggingu sjálfbærra fiskveiða í þróunarlöndum.

Með þátttöku í alþjóðasamstarfi og með því að samþykkja alþjóðasamninga hafa íslensk stjórnvöld skuldbundið sig til að leggja sitt af mörkum á sviði sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda. Frá upphafi hefur þetta svið verið eitt af meginverkefnum íslenskrar þróunarsamvinnu. Starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands var lengst af nær eingöngu á sviði sjávarútvegs, en því til viðbótar, sem liður í aukinni áherslu á sjálfbæra þróun, bætast orkumál með áherslu á endurnýjanlega orkugjafa.

Auk tvíhliða samstarfs Þróunarsamvinnustofnunar Íslands hafa íslensk stjórnvöld stutt þróunarlöndin á sviði sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda með rekstri Jarðhitaskóla og Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Jarðhitaskólinn hefur frá árinu 1979 byggt upp þekkingu í þróunarríkjunum á nýtingu jarðhita og á sama hátt hefur Sjávarútvegsskólinn frá því hann var stofnaður árið 1997 miðlað þekkingu á sviði sjávarútvegs. Aukin áhersla verður lögð á starfsemi skólanna m.a. með því að gera þeim kleift að taka inn fleiri nema.

## Vistvernd í verki

Vistvernd í verki er alþjóðlegt umhverfisverkefni fyrir heimili. Markmið verkefnisins er að styðja og hvetja fólk til að tileinka sér vistvænni lífsstíl. Ísland er eitt 19 landa þar sem verkefnið hefur skotið rötum og höfðu um 560 heimili tekið þátt í verkefninu í árslok 2005. Verkefnið er sannkallað grasrótastarf og fellur því afar vel að stefnu stjórnvalda um Staðardagskrá 21. Umhverfisráðuneytið hefur á undanförunum árum veitt verkefninu fjárhagslegan stuðning en Landvernd hefur haldið utan um starfsemi þess.





# Markmið og leiðir

I. Heilbriggt og öruggt umhverfi	16
II. Vernd náttúru Íslands	20
III. Sjálfbær nýting auðlinda	22
IV. Hnattræn viðfangsefni	26

# I. Heilbriggt og öruggt umhverfi



## 1. Heilnæmt andrúmsloft

16	Heilnæmt andrúmsloft
17	Hreint og heilnæmt ferskvatn
17	Örugg matvæli
18	Umhverfi án hættulegra efna
19	Útivist í sátt við náttúruna
19	Varnir gegn náttúruvá

### MARKMIÐ

- 1.1 Íbúar landsins búi við heilnæmt andrúmsloft þar sem mengun verði undir ströngustu mörkum á Evrópska efnahagssvæðinu.
- 1.2 Loftmengun af völdum umferðar, iðnaðar og annarrar starfsemi verði haldið í lágmarki eftir því sem kostur er.
- 1.3 Dregið verði úr loftmengun á höfuðborgarsvæðinu þannig að hún verði umtalsvert lægri innan nokkurra ára en í dag.

Fylgt verður eftir tillögum starfshóps umhverfisráðuneytisins um svifryk sem birtar voru í nóvember 2006. Meðal annars verða kannaðar leiðir til að beita hagrænum stjórnstækum í því skyni að draga úr notkun nagladekkja. Einnig verður lagt til að settar verði reglur sem kveði á um að notaðar verði sótsiur í díselvélum í stórum vinnuvélum og farartækjum. Sveitarfélög og Vegagerð ríkisins verða hvött til að grípa til aðgerða til að fyrirbyggja mengun af völdum svifryks.

Loftgæði á landsbyggðinni verða könnuð með færanlegum útbúnaði einkum á helstu þéttbýlisstöðum og þar sem er mengandi iðnaður. Einnig verða gerðar bakgrunnsmælingar á mengun fjarri þekktum uppsprettum mengunar.

Daglegar upplýsingar um loftmengun á höfuðborgarsvæðinu, sem nú eru birtar á heimasíðu Umhverfisstofnunar, verða settar fram á auðskiljanlegan hátt og sem aðgengilegastar öllum þannig að auðvelt verði að sjá hver loftmengun er hverju sinni miðað við meðaltalsgildi og heilbrigðismörk.

## 2. Hreint og heilnæmt ferskvatn

### MARKMIÐ

- 2.1 Allir íbúar landsins eigi kost á nægu heilnæmu vatni, sem er ómengað af efnum og örverum, til neyslu og annarra nytja.
- 2.2 Tilvik þar sem neysluvatn mengast heyri til undantekninga.
- 2.3 Mengun í ám og stöðuvötnum verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi.

Vöktun á nytjavatni verður eflað þannig að upplýsingar um gæði vatns séu aðgengilegar neytendum.

Skráðar verða upplýsingar um vatnsból sem þjóna byggð og matvælafyrirtækjum og stefnt að því að þeirri skráningu verði lokið í árslok 2009.

## 3. Örugg matvæli

### MARKMIÐ

- 3.1 Neytendur geti ávallt treyst því að á boðstólum séu eingöngu matvæli sem eru örugg til neyslu.
- 3.2 Merkingar á matvælum veiti fullnægjandi upplýsingar um innihald vörunnar.
- 3.3 Ísland verði ávallt virt sem framleiðandi heilnæmra og öruggra matvæla úr hágæða hráefnum í ómenguðu umhverfi.

Merking á erfðabreyttum matvælum með hliðsjón af reglum Evrópusambandsins verður tekin upp í ársbyrjun 2007.

Unnið verður að innleiðingu matvælalöggjafar Evrópusambandsins og m.a. settar reglur um rekjanleika matvæla. Meðal annars verður gerð almenn krafa um að hægt sé að rekja matvæli til framleiðenda svo bregðast megi skjótt og rétt við sýkingum og öðrum vandamálum og auka öryggi matvæla.

Fylgt verður eftir kröfum um að öll matvælafyrirtæki ástundi virkt innra eftirlit.



## 4. Umhverfi án hættulegra efna

### MARKMIÐ

- 4.1 Notkun efna og efnavöru ógni ekki heilsu manna og umhverfi.
- 4.2 Neytendur fá fullnægjandi upplýsingar um hvernig beri að nota vöru og um hugsanlega áhættu sem stafað getur af efnum í vörunni.
- 4.3 Dreigið verði úr notkun sæfi- og varnarefna.
- 4.4 Losun efna sem eru hættuleg heilbrigði og umhverfi verði takmörkuð eins og mögulegt er og verði hætt innan aldarfjórðungs.

Unnin verður aðgerðaáætlun um hvernig Ísland mun hrinda í framkvæmd ákvæðum Stokkhólmssamningsins um takmörkun á losun þrávirkra lífrænna efna.

Fræðsla til almennings um helstu flokka hættulegra efna, tilvist þeirra og hættur fyrir fólk verður augin.

Efnavöruskráning verður lögbundin. Lögin kveði á um að hægt sé að krefjast þess að framleiðendur og fyrirtæki beiti skiptireglu, þ.e. skipti út efnum, sem talin eru geta haft óæskileg áhrif á heilsu fólks eða skaðað umhverfi, fyrir önnur hættuminni efni. Einnig skal fyllstu varúðar gætt og yfirvöldum veitt heimild til að banna eða takmarka notkun og markaðssetningu tiltekinna efna jafnvel þó óyggjandi upplýsingar um skaðsemi þeirra liggja ekki fyrir meðan frekari rannsókn fer fram á viðkomandi efnum eða efnavörum.



## 5. Útivist í sátt við náttúruna

### MARKMIÐ

- 5.1 Réttur almennings að frjálsu aðgengi að náttúru landsins (almannaréttur) verði ekki skertur nema þegar brýna nauðsyn ber til vegna náttúruverndarsjónarmiða.
- 5.2 Tekið verði tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu.
- 5.3 Vöxtur verði í ferðaþjónustu á Íslandi og honum verði mætt með aðgerðum sem komi í veg fyrir skaða á náttúrunni vegna aukinnar umferðar.

Brugðist verður við niðurstöðum rannsókna á þolmörkum ferðamannastaða með því að gera aðgerðaáætlun fyrir viðkomandi staði þar sem þörf er talin á viðbrögðum í því skyni að koma í veg fyrir að staðirnir verði fyrir skemmdum vegna álags.

Gert verður átak í að leggja og merkja göngustíga í þjóðgörðum og á ákveðnum friðlýstum svæðum í því skyni að bæta aðgengi almennings að náttúru landsins og efla getu staðanna til að taka á móti vaxandi ferðamannastraumi.

## 6. Varnir gegn náttúruvá

### MARKMIÐ

- 6.1 Allir íbúar landsins búi við ásættanlegt öryggi með tilliti til náttúruvá.
- 6.2 Landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvá.

Hafin verður skipuleg vinna á vegum Veðurstofu Íslands við hættumat á landsvísu vegna náttúruvá, s.s. eldgosa, jarðskjálfta, flóða, ofsaveðurs o.fl.

## II. Vernd náttúru Íslands



### 7. Vernd lífríkis Íslands

#### MARKMIÐ

7.1 Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistgerða.

7.2 Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.

7.3 Unnið verði að endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa þar sem slíkt er talið mögulegt.

Unnin verður áætlun um endurheimt náttúrulegra vistkerfa, þar á meðal birkiskóga á grundvelli stefnumörkunar um líffræðilega fjölbreytni. Áætlunin verður felld inn í næstu Náttúruverndaráætlun sem taka á gildi árið 2009.

Gerð verður áætlun um aukna endurheimt votlendis.

Umhverfisstofnun verður falið, í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, að undirbúa friðlýsingu þriggja nýrra votlendissvæða í samræmi við Ramsarsamninginn um vernd votlendis fyrir árslok 2007.



## 8. Vernd sérstæðra jarðmyndana

### MARKMIÐ

- 8.1 Fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á svæðis, lands- eða heimsvísu.
- 8.2 Gengið verði frá skipulegu yfirliti yfir jarðmyndanir á Íslandi sem verði grunnur að markvissri verndun þeirra.

Mati á verndargildi háhitasvæða verður lokið.

Mati á landslagsgerðum verður lokið.

## 9. Vernd víðerna

### MARKMIÐ

- 9.1 Tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands.
- 9.2 Reynt verði að byggja mannvirki utan skilgreindra víðerna en þar sem slíkt er ekki mögulegt verði þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun.

Vatnajökulsþjóðgarður verður settur á laggirnar í samræmi við tillögur sem fyrir liggja. Þjóðgarðurinn mun taka til stórs svæðis norðan Vatnajökuls í viðbót við jökulhettuna sjálfa og svæði sunnan jökulsins.

Umhverfisstofnun í samvinnu við Landmælingar Íslands mun viðhalda og birta reglulega kort yfir víðerni samkvæmt viðurkenndum skilgreiningum.

Unnið verður að lokun ákveðinna slóða á grundvelli kortlagningar vega og slóða á hálendi sem getur orðið til að endurheimta svæði sem falla undir skilgreiningu á víðerni.



### III. Sjálfbær nýting auðlinda



#### 10. Sjálfbær nýting auðlinda hafsins

22 Sjálfbær nýting auðlinda hafsins

23 Sjálfbær gróðurnýting og endurheimt landgæða

23 Aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa

24 Minnkun og bætt meðhöndlun úrgangs

##### MARKMIÐ

**10.1** Nýting fiskstofna og annarra lifandi auðlinda hafsins verði ávallt sjálfbær og byggji á bestu tiltækum vísindalegum niðurstöðum.

**10.2** Veiði úr stofnum, þar sem sýnt hefur verið fram á með vísindalegum rökum að takmarka þarf sókn, skal lúta veiðistjórnun þar sem beitt verði varúðarsjónarmiðum til að ná fram hámarksafrakstri stofna til langs tíma.

**10.3** Þróuð verði langtímastefna fyrir nýtingu einstakra stofna, m.a. með þróun aflareglna og beitingu fjölstofnanálgunar þar sem því verður við komið.

**10.4** Aðferðir og stjórnun nýtingar á lifandi auðlindum sjávar taki mið af fjölþættu samspili í lífríki sjávar og miði að því að lágmarka neikvæð áhrif nýtingar á aðra lífríkisþætti.

Lokið verður endurskoðun aflareglu og þróaðar aflareglur fyrir fleiri tegundir en þorsk.

Beitt verður vistkerfisnálgun. Unnið verður að skilgreiningu hugtaksins og því að treysta þekkingargrundvöll þess. Þekkingarstarf þetta verður þróað hér innanlands, í norrænu sem og öðru fjölþjóðlegu samstarfi.

Stuðlað verður að verndun líffræðilegrar fjölbreytni og friðun þess sem sérstakt er í hafinu á grundvelli vísindalegrar þekkingar og heildarmats að teknu tilliti til nýtingar hvers svæðis.



## 11. Sjálfbær gróðurnýting og endurheimt landgæða

### MARKMIÐ

- 11.1 Þær auðlindir landsins sem felast í jarðvegi og gróðri, þar með töldum skógi, verði nýttar á sjálfbæran hátt samkvæmt bestu vísindalegri vitneskju.
- 11.2 Beit verði stjórnað með tilliti til nýtingarþols og hættu á jarðvegseyðingu.
- 11.3 Unnið verði skipulega að landgræðslu á eyddum og rofskemmdum svæðum, í samræmi við markmið landnýtingar og náttúruverndar á hverju svæði. Hraðfara jarðvegseyðing verði stöðvuð, sérstaklega í byggð og á láglandi.
- 11.4 Uppbygging nytjaskóga verði til að efla byggð og atvinnu í dreifbýli og falli sem best að landslagi og vistkerfi landsins.

Ræktun skóga á tímabilinu mun hafa fjölþætt markmið, þar á meðal að endurheimta fjölbreytt vistkerfi landsins, vernda jarðveg, binda kolefni, auka tækifæri almennings til útivistar, byggja upp skógarauðlind og efla þar með sjálfbæra byggðapróun og atvinnu í dreifbýli.

Hefja skal vinnu við Hekluskóga á næstu árum, þ.e. endurheimt birkiskóga á allt að 100.000 ha svæði norðan, vestan og sunnan við Heklu sem hafi m.a. það hlutverk að binda öskufall og draga úr skemmdum af völdum þess.

## 12. Aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa

### MARKMIÐ

- 12.1 Endurnýjanlegar orkulindir landsins verði nýttar með hagkvæmni og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.
- 12.2 Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun þjóðarinnar verði aukid og að því stefnt að notkun jarðefnaeldsneytis verði óveruleg innan fárra áratuga. Stefnt verði að því að farartæki nýti orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum eins fljótt og kostur er og hagkvæmt þykir.
- 12.3 Skipulag raforku- og hitaveitumála verði með þeim hætti að skilvirkni, öryggi og heildarhagkvæmni þess verði sem best tryggð.
- 12.4 Stuðlað verði að aukinni orkunýtni.

Áfram verður unnið að gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Unnið verður að nauðsynlegum grunnrannsóknum á náttúrufari hugsanlegra virkjunarkosta. Jafnframt verður unnið að frumrannsóknum og áætlunum fyrir þá virkjunarkosti sem fjallað verður um í rammaáætlun. Kostað verður kapps um að samþætta sjónarmið nýtingar og verndar við áframhaldandi vinnu við verkefnið. Rammaáætlun verði lokið 2009.



Leit að jarðhita á köldum svæðum landsins verður haldið áfram og stutt við uppbyggingu nýrra hitaveitna þar sem hagkvæmt þykir.

Sett verður löggjöf um starfsemi hitaveitna þar sem áhersla verður lögð á að tryggja hagsmuni og öryggi notenda. Leitast verður við að auka afhendingaröryggi og gæði orku eins og kostur er.

Leitað verður leiða til að skapa hvata til betri orkunýtni meðal annars með bættri tækni. Þá verður aukin áhersla lögð á að nýta enn frekar þá miklu orku sem vannýtt er á þeim háhitasvæðum landsins sem virkjuð hafa verið til raforkuframleiðslu.

### 13. Minnkun og bætt meðhöndlun úrgangs

#### MARKMIÐ

- 13.1 Dregið verði úr myndun úrgangs eftir því sem kostur er og hann meðhöndlaður þannig að hann valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum á umhverfið. Tryggja þarf að spilliefni berist ekki út í umhverfið.
- 13.2 Náð verði tölulegum markmiðum um aukna endurnýtingu úrgangs, s.s. umbúðaúrgangs, lífræns úrgangs, rafeindabúnaðar og raftækja.
- 13.3 Við verðmyndun vöru verði gert ráð fyrir förgunarkostnaði.

Ábyrgð framleiðenda á úrvinnslu úrgangs verður aukin.

Gengið verður eftir að áætlanir sveitarstjórna um sorphirðu verði unnar á grundvelli fyrirliggjandi landsáætlunar.

Óheimilt verður að urða sláturúrgang frá og með 1. janúar 2009 og annan lífrænan úrgang eigi síðar en árið 2015. Leitað verður leiða til að endurvinnna þennan úrgang eða farga honum með öruggum hætti.

Auka skal nýtingu orku sem myndast við bruna úrgangs í sorpbrennslustöðvum.



## IV. Hnattræn viðfangsefni



### 14. Hreint haf

26 Hreint haf

27 Takmörkun loftlagsbreytinga af mannavöldum

28 Vernd ósonlagsins

28 Vernd líffræðilegrar fjölbreytni

#### MARKMIÐ

**14.1** Styrkur manngerðra mengunarefna í sjávarfangi úr hafinu umhverfis Ísland sé ávallt undir ströngustu viðmiðunarmörkum innlendra sem erlendra heilbrigðisyfirvalda.

**14.2** Losun skaðlegra efna í hafið frá skipum og landi hverfi með öllu, ekki síst losun þrávirkra lífrænna efna, geislavirkra efna og þungmálma.

**14.3** Ísland verði áfram leiðandi í alþjóðlegu samstarfi og aðgerðum gegn mengun hafsins.

Hafrannsóknastofnunin mun á næstu árum kortleggja mengun vegna næringarefna við strendur landsins samkvæmt samningi við Fráveitunefnd umhverfisráðuneytis og í samvinnu við Umhverfisstofnun. Búist er við að slík mengun sé víðast hvar hverfandi en gripið verður til aðgerða ef hún reynist einhvers staðar óviðunandi.

Framkvæmdum við umbætur í fráveitumálum verður haldið áfram á næstu árum, þó framkvæmdum við helstu þéttbýlisstaði sé víðast hvar lokið eða þær komnar vel á veg.

Ísland mun styðja gerð alþjóðlegs samnings eða aðgerðaáætlun gegn kvikasílfursmengun og mun stuðla að því að fleiri þrávirk efni verði tekin inn í Stokkhólmssamninginn til viðbótar við þau tólf sem samningurinn tekur til.

## 15. Takmörkun loftslagsbreytinga af mannavöldum

### MARKMIÐ

- 15.1 Ísland taki virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi sem miðar að því að koma í veg fyrir hættulega röskun á veðrakerfum jarðarinnar af manna völdum með því að draga úr útstreymi og auka bindingu gróðurhúsalofttegunda hér á landi.
- 15.2 Dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis.
- 15.3 Íslenskri sérþekkingu á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa verði miðlað til þróunarríkjanna.

Auknar rannsóknir verða gerðar á breytingum á loftslagi og náttúrufari á Íslandi og svæðinu kringum landið, meðal annars í tengslum við Alþjóða heimskautaárið 2007–2008. Hafin verður regluleg vöktun á loftslagsbreytingum og hugsanlegum afleiðingum þeirra á Golfstrauminn, bráðnun jökla og lífríki landsins og hafsins.

Stjórnvöld munu leggja aukna áherslu á útflutning á loftslagsvænni tækni, m.a. hvað viðvíkur beislun jarðvarma og aukna sparneytni í skipum.

Áfram verður unnið að því að beita hagrænum aðgerðum til að hvetja til notkunar umhverfissvænni farartækja og eldsneytis.

Auk landgræðslu og skógræktar verður gert átak til að endurheimta votlendi í því skyni að binda aukið kolefni í jarðvegi.



## 16. Vernd ósonlagsins

### MARKMIÐ

- 16.1 Ísland verði áfram í hópi þeirra ríkja heims sem fremst eru í takmörkunum á notkun og losun ósoneyðandi efna.
- 16.2 Stefnt verði að því að notkun ósoneyðandi efna verði hætt á Íslandi árið 2010.

Frá 1. janúar 2010 verður ekki lengur heimilt að flytja inn ósoneyðandi kælimiðla. Takmörkunin nær einnig til innflutnings á endurunnum efnum frá og með árinu 2015.

## 17. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni

### MARKMIÐ

- 17.1 Tryggt verði að líffræðileg fjölbreytni vistgerða og vistkerfa á Íslandi verði viðhaldið með því að vernda tegundir dýra, plantna og annarra lífvera, erfðaauðlindirnar sem þær búa yfir og búsvæði þeirra.
- 17.2 Öll nýting hinnar lifandi náttúru fari fram á sjálfbæran hátt.
- 17.3 Við framkvæmdir sem raska eða breyta lifandi náttúru verði beitt varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki.

Lokið verður við stefnumörkun stjórnvalda um vernd líffræðilegrar fjölbreytni á árinu 2007.

Cartagena-bókunin við Samninginn um líffræðilega fjölbreytni, sem fjallar um erfðabreyttar lífverur, verður fullgilt af Íslands hálfu á árinu 2007.

Stefnt er að friðun nokkurra svæða á árunum 2006–2009 til að vernda kaldsjávarkóralla og önnur botndýrasamfélög sem hafa mikið verndargildi.

Hafið verður reglulegt eftirlit með losun kjölfestuvatns í höfnum landsins fyrir árið 2009. Gerðar verða kröfur um að skip skipti um eða hreinsi kjölfestuvatn á leið sinni yfir úthafið svo koma megí í veg fyrir flutning framandi lífvera í íslenskan strandsjó.





Umhverfissráðuneytið  
Skuggasundi 1  
150 Reykjavík

Mars 2007